

Hella, 29/5 2019

Ágæta sveitastjórn,

Nýlega ræddi ungur frændi minn við mig um áhuga sinn á því að fá hjólabrettaaðstöðu hingað á Hellu. Áhugi hans hvatti mig til að gera eitthvað í málinu. Ég fór á stúfana og kynnti mér málið og komst fljótt að því að í Vogunum hefðu þau nýlega komið upp brettaaðstöðu og sagði aðstoðarskólastjórinn í frétt á stöð 2 (<https://www.visir.is/g/2019190429871>) að reynsla þeirra væri góð og tækju þeir sérstaklega eftir minni tölvunotkun. Ég ákvað að senda póst á skólastjórnann í Grunnskólanum í Vogunum (sem kenndi raunar hér við grunnskólann nokkra vetur) til að fá frekari upplýsingar og vitneskju hvort þeir væru áfram ánægðir með framkvæmdina. Hann sagði mér að reynsla þeirra væri mjög góð og upplifðu þau að árekstrum milli nemenda hefði fækkað, nemendur væru frekar að leika sér og þar af leiðandi minna um tölvunotkun. Þá sendi ég tölvupóst á sveitastjórnann í Vogunum til að fá upplýsingar um kostnaðinn en hann sagði mér að þetta hefði kostað 5 m.kr. en lóðin var malbikuð fyrir.

Ég hvatti frænda minn til að skrifa bréf til sveitastjórnar og safna undirskriftum hjá krökkum í þorpinu sem einnig vilja fá hjólabrettaaðstöðu hér í bæ. Hann skrifaði ásamt vini sínum samviskusamlega bréf til sveitastjórnar og ætluðu þeir að safna undirskriftum. Ég vona að þetta bréf liggja fyrir á fundinum í dag. Ég fann fyrir miklum áhuga hjá þessum vinum og höfðu þeir ákveðnar skoðanir á því hvað þeir myndu vilja fá, hvar þetta ætti helst að vera og hvar ekki.

Ennfremur ákvað ég að kanna áhugann í gegnum fésbókina (sem hefur kannski ekki farið framhjá sveitarstjórnarmönnum) og fékk ég mjög jákvæð og áhugasöm svör við fyrirspurn minni. Fólk var á því að vilja fá slíka aðstöðu á Hellu. Þar komst ég meðal annars að því að maður hér í bænum, Filipe, hefði meðal annars unnið hugmyndavinnu að brettaaðstöðu í samráði við markaðs- og kynningafulltrúann okkar. Ég setti mig í samband við Filipe sem uppýsti mig um að hann hefði kynnt þetta fyrir sveitastjórnarfólki en niðurstaðan var að þessi leið væri helst til dýr. Hann sagðist þó vita um aðra leið sem væri ekki eins dýr en um


leið hentug fyrir íslenskar aðstæður þar sem að samkvæmt honum eru þessi tegund rampa sem settir voru upp í Vogunum ekki hentugir á veturna.

Þetta væri eitthvað sem myndi höfða til breiðs aldurshóps – allt frá ungum krökkum og alveg upp í fullorðna einstaklinga. Það sem ég sé sérstaklega við þetta er að þarna væri eitthvað meira fyrir unglingana okkar að gera og ég myndi frekar gera ráð fyrir því að reynsla okkar yrði svipuð og þeirra í Vogunum – að við myndum fara að sjá krakka meira úti frekar en á bak við tölvu- eða símaskjá. Börnin okkar eru framtíðin, þau eru það verðmætasta sem við eigum og því tel ég mikilvægt að hugsa hvað við getum gert betur fyrir þau. Ég geri mér grein fyrir að kostnaðurinn á bak við slíka framkvæmd er talsverður en bætt lýðheilsa unga fólksins okkar mun borga margfalt til baka.

Ég væri til í að leggja það á mig að leita eftir styrkjum hjá fyrirtækjum og góðgerðarsamtökum hér á svæðinu. Kannski væri hægt að virkja krakkana til að ganga í hús og safna frjálsum framlögum o.þ.h. því margt smátt gerir jú eitt stórt. Þetta er eitthvað sem mig langar að sjá verða að veruleika í náinni framtíð í sveitarfélaginu okkar. Því langar mig að kanna hvort sveitarfélagið væri tilbúið til að setja upp brettaaðstöðu fyrir krakkana (og fullorðna) hér á Hellu.

Með von um jákvæð viðbrögð

Virðingarfyllst,



Dögg Prastardóttir

Baugöldu 15